

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/438

frá 17. desember 2015

um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar skyldur vörsluaðila

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS) ⁽¹⁾, einkum 26. gr. b,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Mikilvægt er að tryggja að markmið tilskipunar 2009/65/EB náist með samræmdum hætti í öllum aðildarríkjunum til að efla heilleika innri markaðarins og veita þátttakendum hans réttarvissu, þ.m.t. almennum fjárfestum og stofnanafjárfestum, lögbærum yfirvöldum og öðrum hagsmunaaðilum. Form reglugerðarinnar tryggir samræmdan ramma fyrir alla markaðsaðila og er besta tryggingin fyrir jöfnum, samræmdum samkeppnisskilyrðum, og sameiginlegum, viðeigandi kröfum um vernd fjárfesta. Enn fremur tryggir hann beina gildistöku ítarlegra, samræmdra reglna er varða rekstur verðbréfasjóða (UCITS) og vörsluaðila, sem í eðli sínu taka gildi án frekari lögfestingar og þarfnast því ekki lögleiðingar á landsvísu. Samþykkt reglugerðar tryggir einnig að viðeigandi breytingar á tilskipun 2009/65/EB, eins og þær eru kynntar með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/91/ESB ⁽²⁾, geta allar tekið gildi frá sama degi í öllum aðildarríkjum.
- 2) Tilskipun 2009/65/EB mælir fyrir um umfangsmiklar kröfur að því er varðar skyldur vörsluaðila, framsalsfyrirkomulag, og ábyrgðarkerfi fyrir eignir verðbréfasjóða í vörslu til að tryggja strangar kröfur um vernd fjárfesta, sem taka tillit til þess að verðbréfasjóður er fjárfestingarkerfi fyrir almenna fjárfesta. Sérstök réttindi og skyldur vörsluaðilans, rekstrarfélagsins og fjárfestingarfélagsins ætti þess vegna að setja fram með skýrum hætti. Skriflegi samningurinn ætti að fela í sér allar nauðsynlegar upplýsingar vegna viðeigandi vörslu vörsluaðilans eða þriðja aðila, sem vörsluaðgerðir eru framseldar til í samræmi við tilskipun 2009/65/EB, á öllum eignum verðbréfasjóðsins, til að vörsluaðilinn uppfylli á tilhlýðilegan hátt umsjónar- og eftirlitshlutverk sín.
- 3) Til að vörsluaðilinn geti metið og vakt að vörslu- og ógjaldfærniáættu ætti skriflegi samningurinn að veita nægilegar upplýsingar um þá flokka fjármálagerninga sem verðbréfasjóðurinn getur fjárfest í og ná yfir landsvæðin þar sem verðbréfasjóðurinn áformar að fjárfesta. Samningurinn ætti einnig að innihalda upplýsingar um aukningaraðferð til að tilgreina þær aðstæður, tilkynningaskyldur og ráðstafanir sem starfsmaður vörsluaðila mun taka, á sérhverju sviði skipulagseiningarinnar, í tengslum við hvert uppgötvað ósamræmi, þ.m.t. tilkynningu til rekstrarfélagsins eða fjárfestingarfélagsins og/eða lögbærra yfirvalda, eins og krafist er með þessari reglugerð. Vörsluaðilinn ætti því að vara rekstrarfélagið eða fjárfestingarfélagið við sérhverri verulegri áhættu sem greind er í tilteknu markaðsuppgjöfskerfi. Uppsögn samningsins ætti að endurspeglar þá staðreynd að hún tákni síðasta úrræði vörsluaðilans þegar hann er ekki viss um að eignirnar séu nægjanlega verndaðar. Hún ætti einnig að koma í veg fyrir freistnivanda ef verðbréfasjóðurinn tæki fjárfestingarákvarðanir án tillits til vörsluáættu á grundvelli þess að vörsluaðilinn myndi vera ábyrgur. Til að viðhalda ströngum kröfum um vernd fjárfesta ætti kröfunum sem mæla fyrir um upplýsingarnar að því er varðar vöktun á þriðju aðilum að vera beitt í tengslum við alla vörsluáættuna.
- 4) Til að tryggja að vörsluaðili geti sinnt skyldum sínum er nauðsynlegt að skýra út verkefni sem kveðið er á um í 3. mgr. 22. gr. tilskipunar 2009/65/ESB, einkum annars stigs eftirlitið sem vörsluaðilinn á að taka að sér. Slík verkefni ættu ekki að hindra

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32.

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/91/ESB frá 23. júlí 2014 um breytingu á tilskipun 2009/65/EB um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um verðbréfasjóði (UCITS) að því er varðar störf vörsluaðila, starfskjarastefnu og viðurlög (Stjótið. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 186).

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

vörsluaðilinn í að framkvæma fyrirframsannprófun í samráði við verðbréfasjóðinn ef hann telur það viðeigandi. Til að tryggja að hann geti sinnt skyldum sínum ætti vörsluaðilinn að koma á sinni eigin aukningaraðferð til að takast á við aðstæður þar sem misfellur hafa uppgötvast. Sú málsmeðferð ætti að tryggja að lögbær yfirvöld fái tilkynningu um öll veigamikil brot. Umsjónarskyldur vörsluaðilans gagnvart þriðju aðilum ættu ekki að hafa áhrif á skyldurnar sem hvíla á verðbréfasjóðnum samkvæmt tilskipun 2009/65/EB.

- 5) Vörsluaðili ætti að kanna hvort samræmi sé á milli fjölda útgefinna hlutdeildarskírteina og móttækinna áskriftartekna. Enn fremur ætti hann að tryggja að aðrar afstemmingar séu framkvæmdar á milli áskriftarpantana og áskriftartekna, til að tryggja að greiðslur sem fjárfestar inna af hendi við áskrift hafi verið móttæknar. Framkvæma ætti sömu afstemmingar með tilliti til innlausnarpantana. Vörsluaðilinn ætti einnig að sannreyna að fjöldi hlutdeildarskírteina á reikningum verðbréfasjóðsins svari til fjölda útistandandi hlutdeildarskírteina í skrá verðbréfasjóðsins. Vörsluaðilinn ætti að aðlaga verklag sitt til samræmis við það, að teknu tilliti til flæðis áskrifta og innlausna.
- 6) Vörsluaðilinn ætti að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að viðeigandi verðmatsstefnur og málsmeðferðarreglur fyrir eignir verðbréfasjóðsins séu innleiddar á skilvirkan hátt, með því að framkvæma úrtaksprófanir, eða með því að bera saman samkvæmnina í breytingunni á útreikningum á verðgildi hreinnar eignar (NAV) til lengri tíma við verðgildi gefinnar viðmiðunar. Þegar vörsluaðilinn kemur á verklagi sínu ætti hann að hafa skýran skilning á verðmatsaðferðafræðinni sem verðbréfasjóðurinn notar til að meta eignir verðbréfasjóðsins. Tíðni slíkra prófana ætti að vera í samræmi við tíðni verðmats á eignum verðbréfasjóðsins.
- 7) Í krafti umsjónarskyldu sinnar samkvæmt tilskipun 2009/65/EB ætti vörsluaðili að koma á verklagi til að sannreyna, eftir á, reglufylgni verðbréfasjóðsins við gildandi lög og reglugerðir og hans eigin reglur og stofnsamning. Það ætti að ná yfir svið á borð við athugun á að fjárfestingar verðbréfasjóðsins séu í samræmi við fjárfestingaráætlanir hans, eins og lýst er í reglum verðbréfasjóðsins og tilboðsýfirlitum, og tryggja að verðbréfasjóðurinn brjóti ekki eigin fjárfestingartakmarkanir. Vörsluaðilinn ætti að vakta viðskipti verðbréfasjóðsins og rannsaka öll óvenjuleg viðskipti. Ef farið er yfir mörkin eða takmarkanirnar sem sett eru fram í gildandi lögum eða reglugerðum eða reglum verðbréfasjóðsins og stofnsamningi, ætti vörsluaðilinn þegar í stað að bakfæra viðskiptin sem brjóta í bága við þessi lög, reglugerðir eða reglur.
- 8) Vörsluaðili ætti að tryggja að tekjur verðbréfasjóðsins séu reiknaðar rétt út í samræmi við tilskipun 2009/65/EB. Til að ná þessu verður vörsluaðili að tryggja að útreikningurinn á tekjum og útreiðslum sé viðeigandi og, þegar hann greinir skekkjur, að verðbréfasjóðurinn grípi til viðeigandi aðgerða til úrbóta. Þegar vörsluaðili hefur tryggt þetta ætti hann að sannreyna heilleika og nákvæmni í tekjudreifingunni.
- 9) Til að vörsluaðili hafi í öllum tilvikum skýra yfirsýn yfir allt innstreymi og útstreymi reiðufjár verðbréfasjóðsins, ætti verðbréfasjóðurinn að tryggja að vörsluaðilinn fái, án ótilhlýðilegrar tafar, nákvæmar upplýsingar sem tengjast sjóðstreymi, þ.m.t. frá sérhverjum þriðja aðila þar sem reiðufjárreikningur verðbréfasjóðs er stofnaður.
- 10) Til að sjóðstreymi verðbréfasjóðs sé vakt að á tilhlýðilegan hátt ætti vörsluaðili að tryggja að verklagsreglur séu til staðar og þær innleiddar á skilvirkan hátt til að vakta sjóðstreymi verðbréfasjóðsins með viðeigandi hætti, og að þessar verklagsreglur séu endurskoðaðar reglulega. Vörsluaðili ætti einkum að skoða afstemmingaraðferðina til að fullvissa sig um að aðferðin hæfi verðbréfasjóðnum og sé hún sé framkvæmt með viðeigandi millibili að teknu tilliti til eðlis, umfangs og margbreytileika verðbréfasjóðsins. Með slíkri aðferð ætti til að mynda að bera hvert og eitt sjóðstreymi fyrir sig, eins og greint er frá í reikningsyfirliti bankareikninga, saman við sjóðstreymið sem skráð er á reikninga verðbréfasjóðsins. Ef afstemmingar eru framkvæmdar daglega, eins og hjá flestum verðbréfasjóðum, ætti vörsluaðilinn einnig að framkvæma afstemmingar daglega. Vörsluaðili ætti einkum að vakta misræmið, sem afstemmingaraðferðirnar draga fram, og ráðstafanirnar til úrbóta sem teknar eru til að tilkynna verðbréfasjóðnum, án ótilhlýðilegrar tafar, um hvert frávik sem hefur ekki verið bætt úr og framkvæma heildarendurskoðun á afstemmingaraðferðunum. Slíka endurskoðun ætti að framkvæma að minnsta kosti einu sinni á ári. Vörsluaðili ætti einnig að greina tímanlega verulegt sjóðstreymi og einkum það sem gæti verið í ósamræmi við rekstur verðbréfasjóðsins, á borð við breytingar á stöðu eigna verðbréfasjóðsins eða áskrifta og innlausna, og hann ætti reglulega að fá reikningsyfirlit reiðufjárreikninga og kanna samræmið í eigin færslum á sjóðsstöðum við færslur verðbréfasjóðsins. Vörsluaðili ætti að halda skrá sinni uppfærðri í samræmi við b-lið 5. mgr. 22. gr. tilskipunar 2009/65/EB.
- 11) Vörsluaðili verður að tryggja að allar greiðslur sem fjárfestar greiða eða eru greiddar fyrir þeirra hönd við áskriftina að hlutabréfum eða hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóðs hafi verið móttæknar og bókaðar á einn eða fleiri reiðufjárreikninga í samræmi við tilskipun 2009/65/EB. Verðbréfasjóðurinn ætti því að tryggja að vörsluaðila séu veittar viðkomandi upplýsingar sem hann þarfnast til að vakta með tilhlýðilegum hætti móttöku á greiðslum fjárfesta. Verðbréfasjóðurinn verður að tryggja að vörsluaðili fái þessar upplýsingar, án ótilhlýðilegrar tafar, þegar þriðji aðili fær pöntun um að innleysa eða gefa út

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

hlutdeildarskírteini verðbréfasjóðs. Upplýsingarnar ætti því að senda til vörsluaðila fyrir lok viðskiptadags frá einingunni sem er ábyrg fyrir áskrift og innlausn hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðs, til að komast hjá hvers konar misnotkun á greiðslum fjárfesta.

- 12) Vörsluaðili ætti að vera með í vörslu alla fjármálagerninga verðbréfasjóðsins sem hægt er að skrá eða hafa á reikningi, beint eða óbeint, í nafni vörsluaðila eða þriðja aðila, sem vörsluaðgerðir eru framseldar til, sérstaklega á vettvangi verðbréfamiðstöðvarinnar. Auk þess ætti vörsluaðili að halda í vörslu þeim fjármálagerningum sem eingöngu eru skráðir beint hjá útgefandanum sjálfum eða fulltrúa hans í nafni vörsluaðila eða þriðja aðila, sem vörsluaðgerðir eru framseldar til. Þessir fjármálagerningar sem, í samræmi við gildandi landslög, eru eingöngu skráðir í nafni verðbréfasjóðsins hjá útgefandanum eða fulltrúa hans ættu ekki að vera í vörslu. Allir fjármálagerningar sem hægt er að afhenda vörsluaðila á áþreifanlegu formi, ættu að vera í vörslu. Að því tilskildu að skilyrðin fyrir að fjármálagerningar eigi að vera í vörslu séu uppfyllt, verða fjármálagerningar sem eru lagðir fram sem veðtrygging til þriðja aðila eða þriðji aðili útvegur til hagsbóta fyrir verðbréfasjóðinn, einnig að vera í vörslu vörsluaðilans sjálfs eða þriðja aðila, sem vörsluaðgerðir eru framseldar til, svo fremi þeir séu í eigu verðbréfasjóðsins.
- 13) Fjármálagerningar í vörslu ættu alltaf að falla undir hæfilega varfærni og vernd. Til að tryggja að vörsluáhætta sé metin á tilhlýðilegan hátt, og af hæfilegri varfærni, ætti skýrum skuldbindingum að vera komið á fyrir vörsluaðila, sem einkum ætti að þekkja hvaða þriðju aðilar mynda vörslukeðjuna, tryggja að áreiðanleika- og aðgreiningarskyldum hafi verið viðhaldið í gegnum alla vörslukeðjuna, tryggja að hann hafi viðeigandi aðgangsrétt að bókhaldi og skráum þriðju aðila, sem vörsluaðgerðir eru framseldar til, tryggja reglufylgni við áreiðanleika- og aðgreiningarkröfurnar við skráningarnar og geri þau skjöl aðgengileg rekstrarfélaginu eða fjárfestingarfélaginu.
- 14) Vörsluaðili ætti ætíð að hafa yfirgripsmikla yfirsýn yfir allar eignir sem ekki eru fjármálagerningar sem eiga að vera í vörslu. Þessar eignir eru með fyrirvara um skuldbindingu til að sannreyna eignarhald og halda skrár samkvæmt tilskipun 2009/65/EB. Dæmi um slíkar eignir eru efnislegar eignir sem uppfylla ekki skilyrði fyrir fjármálagerninga samkvæmt tilskipun 2009/65/EB, eða ekki er hægt að afhenda á áþreifanlegu formi til vörsluaðila, fjárhagslegir samningar svo sem tiltekna afleiður og geymslufé.
- 15) Til að tryggja nægjanlega vissu um að verðbréfasjóðurinn sé í raun eigandi eignanna ætti vörsluaðili að ganga úr skugga um að hann fái allar upplýsingar sem hann telur nauðsynlegar til að fullvissa sig um að verðbréfasjóðurinn hafi eignarrétt yfir eigninni. Þær upplýsingar gætu verið afrit af löggiltu fylgiskjali sem færir sönnur á að verðbréfasjóðurinn sé eigandi eignarinnar eða sérhvert formlegt og áreiðanlegt sönnunargagn sem vörsluaðili telur viðeigandi. Ef nauðsyn krefur ætti vörsluaðili að óska eftir viðbótarsönnun frá verðbréfasjóðnum eða, eftir því sem við á, frá þriðja aðila.
- 16) Vörsluaðili ætti einnig að halda skrá yfir allar eignir sem hann er fullviss um að verðbréfasjóðurinn eigi. Hann getur komið á verklagi fyrir móttöku upplýsinga frá þriðju aðilum, þannig að verklagsreglurnar tryggi að ekki sé hægt að yfirfæra eignir án þess að vörsluaðili eða þriðji aðili, sem vörsluaðgerðir eru framseldar til, hafi verið upplýstur um slík viðskipti.
- 17) Þegar vörsluaðgerðir eru framseldar til þriðja aðila í samræmi við 22. gr. a tilskipunar 2009/65/EB, er vörsluaðili krafinn um að innleiða og beita viðeigandi og skjalfestri málsmeðferð til að tryggja að þriðji aðili fullnægi ávallt kröfunum í 3. mgr. 22. gr. a þeirrar tilskipunar. Til að tryggja nægjanlega vernd eigna er nauðsynlegt að setja ákveðnar meginreglur sem beita ætti í tengslum við framsal á vörsluaðgerðum.
- 18) Þessar meginreglur ættu ekki að teljast vera tæmandi, hvorki með tilliti til allra atriða sem sett eru fram um tilhlýðilega færni, aðgát og kostgæfni vörsluaðila, eða ráðstafana sem vörsluaðili ætti að gera í tengslum við þessar meginreglur sjálfar. Sú skylda að vakta á áframhaldandi grundvelli þriðja aðila, sem vörsluaðgerðir hafa verið framseldar til, ætti að samanstanda af sannprófun á að þriðji aðili framkvæmi á réttan hátt allar framseldu aðgerðirnar og hlíti framsalssamningnum og öðrum lagaskilyrðum á borð við óhæðiskröfur og bann við endurnotkun. Vörsluaðili ætti einnig að endurskoða þætti sem metnir voru við val- og tilnefningarferlið og bera þá saman við þróunina á markaðnum. Vörsluaðili ætti alltaf að vera í aðstöðu til að meta á viðeigandi hátt áhætturnar sem tengjast þeirri ákvörðun að fela eignirnar í umsjá þriðja aðila. Tíðni endurskoðunarinnar ætti að aðlaga svo hún sé ætíð í samræmi við markaðsaðstæður og tengdar áhættur. Til að vörsluaðili geti brugðist á skilvirkan hátt við hugsanlegri ógjaldfærni þriðja aðila ætti hann að gera viðbragðsáætlun, þ.m.t. um mögulegt val á öðrum þjónustuveitendum, eftir því sem skipt getur máli. Meðan slíkar aðgerðir geta dregið úr vörsluáættu sem vörsluaðili stendur frammi fyrir, draga þær ekki úr þeirri skyldu að skila fjármálagerningunum eða borga samsvarandi fjárhæð ef þeir glatast, sem er háð því hvort kröfur 24. gr. tilskipunar 2009/65/EB hafi verið uppfylltar eða ekki.
- 19) Til að vera fullviss um að eignir og réttindi verðbréfasjóðs séu vernduð gegn ógjaldfærni þriðja aðila, þarf vörsluaðili að skilja ógjaldfærnilög þess þriðja lands þar sem þriðji aðili er staðsettur og tryggja fullnustuhæfi samnings sambands þeirra. Áður en vörsluaðgerðir eru framseldar til þriðja aðila sem staðsettur er utan Sambandsins, verður vörsluaðili að hafa fengið óháð lagalegt álit um fullnustuhæfi samningsbundins fyrirkomulags við þriðja aðila samkvæmt gildandi ógjaldfærnilögum og dómaframkvæmd

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

í landinu þar sem þriðji aðilinn er staðsettur, til að tryggja að samningsbundna fyrirkomulagið sé einnig fullnustuhæft í tilvikum ógjaldfærni þriðja aðilans. Skylda vörsluaðila til að meta eftirlits- og lagarammann í þriðja landi felur einnig í sér að fá sjálfstætt lagalegt álit þar sem lagt er mat á ógjaldfærnilög og dómaframkvæmd þess þriðja lands þar sem sá þriðji aðili er staðsettur. Viðkomandi iðnaðarsamtök eða lögmennastofur geta sameinað þessi álit, eftir því sem við á, eða gefið þau út fyrir hverja lögsögu til hagsbóta fyrir fleiri vörsluaðila.

- 20) Samningsbundið fyrirkomulag við valinn þriðja aðila, sem vörsluaðgerðir eru framseldar til, ætti að innihalda ákvæði um uppsögn fyrir lok samningstímans, þar sem nauðsynlegt er fyrir vörsluaðila að vera í aðstöðu til að segja upp því samningsbundnu fyrirkomulagi í tilvikum þegar lög eða dómaframkvæmd þriðja lands breytist á þann hátt að vernd eigna verðbréfasjóðsins er ekki lengur tryggð. Í þeim tilvikum verður vörsluaðili að tilkynna það rekstrarfélaginu eða fjárfestingarfélaginu. Rekstrarfélagið eða fjárfestingarfélagið verður að tilkynna það lögbærum yfirvöldum sínum og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir með hagsmuni verðbréfasjóðsins og fjárfesta hans að leiðarljósi. Tilkynning lögbærra yfirvalda um aukna varðveislu- og ógjaldfærniáættu vegna eigna verðbréfasjóðs í þriðja landi leysir ekki vörsluaðilann eða rekstrarfélagið eða fjárfestingarfélagið undan skyldum og skuldbindingum sínum sem mælt er fyrir um í tilskipun 2009/65/EB.
- 21) Þegar vörsluaðgerðir eru framseldar ætti vörsluaðili að tryggja að kröfurnar í c-lið 3. mgr. 22. gr. a tilskipunar 2009/65/EB séu uppfylltar og að eignir viðskiptavina verðbréfasjóðs vörsluaðila séu aðgreindar á réttan hátt. Þessi skuldbinding ætti einkum að tryggja að eignir verðbréfasjóðsins glatist ekki vegna ógjaldfærni þriðja aðila, sem vörsluaðgerðir eru framseldar til, og að þriðji aðili endurnýti ekki eignir verðbréfasjóðsins fyrir eigin reikning. Enn fremur ætti vörsluaðili að geta bannað tímabundinn halla á eignum viðskiptavina, notað eiginfjáruka eða komið á fyrirkomulagi sem bannar notkun á debetstöðu þannig að einn viðskiptavinur geti jafnað kreditstöðu fyrir annan. Þótt slíkar aðgerðir geti dregið úr vörsluáættu vörsluaðila þegar hann framselur vörsluaðgerðir, breyta þær ekki þeirri skyldu að skila aftur fjármálagerningum eða borga samsvarandi fjárhæð þegar þeir glatast, en það er háð því hvort kröfur tilskipunar 2009/65/ESB séu uppfylltar eða ekki.
- 22) Á undan framsali vörsluaðgerðanna og meðan á því stendur ætti vörsluaðili að tryggja, bæði áður en samningur er gerður og með samningsbundnu fyrirkomulagi, að þriðji aðili geri ráðstafanir og komi á fyrirkomulagi til að tryggja að eignir verðbréfasjóðsins séu verndaðar fyrir útgreiðslum meðal, eða sölu til hagsbóta, lánveitenda þriðja aðilans sjálfs. Í tilskipun 2009/65/EB eru öll aðildarríki krafín um að samræma viðkomandi ógjaldfærnilög sín að þessum kröfum. Þess vegna er nauðsynlegt að vörsluaðili afli óháðra upplýsinga um gildandi ógjaldfærnilög og dómaframkvæmd þriðja lands þar sem eignir verðbréfasjóðsins eiga að vera geymdar.
- 23) Ábyrgð vörsluaðila samkvæmt öðrum undirlið 1. mgr. 24. gr. tilskipunar 2009/65/EB verður virk komi til taps á fjármálagerningi sem er í vörslu vörsluaðilans sjálfs eða þriðja aðila, sem vörsluaðgerðir hafa verið framseldar til, að því tilskildu að vörsluaðili sýni ekki fram á að tapið sé tilkomið vegna ytri atburðar sem ekki er hægt að ætlast til af sanngirni að sé viðráðanlegur, þegar ekki hefði verið hægt að forðast afleiðingarnar þrátt fyrir allar eðlilegar ráðstafanir til að afstýra þeim. Það tap ætti að aðgreina frá tapi fjárfesta á fjárfestingum vegna lækkunar á verðgildi eigna sem afleiðing af ákvörðun um fjárfestingu.
- 24) Til að tap leiði til ábyrgðar vörsluaðila verður það að vera endanlegt, án möguleika á endurheimt fjáreignarinnar. Þannig ættu aðstæður þar sem fjármálagerningur er eingöngu tímabundið óaðgengilegur eða frosinn ekki að teljast tap í skilningi 24. gr. tilskipunar 2009/65/EB. Á hinn bóginn er hægt að skilgreina þrjár tegundir tilvika þar sem tap telst endanlegt: þegar fjármálagerningur er ekki lengur til eða var aldrei til, þegar fjármálagerningur er til en verðbréfasjóðurinn hefur endanlega verið sviptur eignarrétti sínum yfir honum og þegar verðbréfasjóðurinn hefur eignarréttinn en getur ekki lengur framselt hann eða búið til takmarkaðan eignarrétt í fjármálagerningnum til frambúðar.
- 25) Fjármálagerningur telst ekki lengur vera til þegar hann hefur til að mynda horfið í kjölfar reikningshaldslegrar skekkju sem ekki er hægt að leiðrétta, eða ef hann var aldrei til, þegar eignarhald verðbréfasjóðsins var skráð á grundvelli falsaðra gagna. Í tilvikum þegar tap fjármálagerninga verður vegna sviksamlegs athæfis ætti það að teljast vera tap.
- 26) Ekki er hægt að ganga úr skugga um tap þegar fjármálagerningi hefur verið skipt út fyrir eða umbreytt í annan fjármálagerning, í aðstæðum þegar hlutabréf hafa verið felld úr gildi og skipt út með útgáfu nýrra hlutabréfa vegna endurskipulagningar fyrirtækis. Verðbréfasjóður ætti ekki að teljast vera endanlega sviptur eignarrétti sínum yfir fjármálagerningunum ef hann hefur yfirfært eignarrétt til þriðja aðila á lögmætan hátt. Af þessum sökum, ef gerður er greinarmunur á lagalegum eignarrétti og raunverulegu eignarhaldi á eignum, ætti skilgreiningin á tapi að vísa til taps á raunverulegum eignarhaldsrétti.
- 27) Einungis ef um er að ræða ytri atburð sem vörsluaðili fær ekki ráðið við, sem hefur óumflýjanlegar afleiðingar í för með sér þrátt fyrir allar eðlilegar ráðstafanir til að afstýra þeim, getur vörsluaðili skorast undan ábyrgð skv. 24. gr. tilskipunar 2009/65/EB. Vörsluaðili ætti að sanna stighækkandi efndir á þessum skilyrðum til að leysa sig frá bótaábyrgð, og mæla ætti fyrir um

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

málsmeðferð sem fylgja á í þeim tilgangi.

- 28) Fyrst ætti að ákvarða hvort atburðurinn sem leiddi til tapsins var ytri atburður. Ábyrgð vörsluaðila ætti ekki að verða fyrir áhrifum af framsali vörsluaðgerða og því ætti atburður að teljast ytri atburður ef hann er ekki vegna athafna eða yfirsjónar vörsluaðila eða þriðja aðila, sem vörsluaðgerðir fjármálagerninga í vörslu hafa verið framseldar til. Þá ætti að meta hvort vörsluaðili fái ekki ráðið við atburðinn, með því að sanna að varfærinn vörsluaðili hefði ekki getað gert neitt til að koma í veg fyrir að atburðurinn átti sér stað. Samkvæmt þessu geta bæði náttúruatburðir og aðgerðir opinbers yfirvalds talist ytri atburðir sem ekki er hægt að ætlast til af sanngirni að séu viðuráðanlegir. Á móti kemur að ekki er hægt að líta á tap sem er tilkomið vegna vanrækslu við beitingu aðgreiningarkrafnanna sem mælt er fyrir um í iii. lið d-liðar 11. mgr. 21. gr. tilskipunar 2009/65/EB, eða tapið á eignum vegna röskunar á starfsemi þriðja aðila í tengslum við ógjaldfærni, sem ytri atburði sem ekki er hægt að ætlast til af sanngirni að séu viðuráðanlegir.
- 29) Loks ætti vörsluaðili að sanna að ekki hafi verið hægt að komast hjá tapi þrátt fyrir allar eðlilegar ráðstafanir til að afstýra því. Í því samhengi ætti vörsluaðili að upplýsa rekstrarfélagið eða fjárfestingarfélagið og grípa til viðeigandi aðgerða með hliðsjón af aðstæðum. Í aðstæðum þar sem vörsluaðili telur t.d. að einu viðeigandi aðgerðir séu þær að losna við fjármálagerninga ætti vörsluaðili að upplýsa rekstrarfélagið eða fjárfestingarfélagið á viðeigandi hátt, sem á móti verða að gefa vörsluaðilanum skrifleg fyrirmæli um hvort hann eigi að eiga fjármálagerningana áfram eða losa sig við þá. Tilkynna ætti fjárfestum verðbréfasjóðsins um sérhver fyrirmæli til vörsluaðila um að eiga eignarnar áfram, án ótilhlýðilegrar tafar. Rekstrarfélag eða fjárfestingarfélag ætti að taka tilhlýðilegt tillit til ráðlegginga vörsluaðila. Með hliðsjón af aðstæðum, ef vörsluaðili hefur áhyggjur af því að gæði verndar fjármálagerningsins séu ekki nægileg þrátt fyrir ítrekaðar viðvaranir, ætti hann að íhuga frekari aðgerðir, á borð við uppsögn samningsins að því tilskildu að verðbréfasjóðnum séu gefin tímamörk til að finna annan vörsluaðila í samræmi við landslög.
- 30) Í tengslum við vernd fjárfesta innan vörslufyrirkomulags þarf að taka tillit til mögulegra samtenginga á milli vörsluaðila og rekstrarfélagsi eða fjárfestingarfélags, eins og þeirra sem stafa af sameiginlegri eða tengdri stjórnun eða gagnkvæmri hlutafjäreign. Þessar samtengingar, þegar og að því marki sem þær eru leyfðar samkvæmt landslögum, gætu valdið hagsmunaárekstrum sem koma fram í hættu á svikum (frávikum sem ekki eru tilkynnt lögbærum yfirvöldum til að forðast slæmt orðspor), málskotsáhættu (tregðu eða forðast að grípa til lagalegra aðgerða gegn vörsluaðilanum), valskekkju (valið á vörsluaðilanum er ekki byggt á gæðum og verði), ógjaldfærnisáhættu (minni gæðum í eignaaðgreiningu eða tilsjón með gjaldþoli vörsluaðilans) eða áhættuskuldbindingaáhættu innan sömu samstæðu (fjárfestingum innan samstæðu).
- 31) Rekstrarlegt sjálfstæði rekstrarfélags eða fjárfestingarfélags og vörsluaðila, þ.m.t. í aðstæðum þar sem vörsluaðgerðir hafa verið framseldar, veitir viðbótartryggingu fyrir fjárfestavernd án óþarfa kostnaðar við að hækka atferlislegar kröfur fyrir einingar sem tilheyra sömu samstæðu eða eru tengdar með öðrum hætti. Með kröfunum um rekstrarlegt sjálfstæði ætti að taka á mikilvægum þáttum á borð við auðkenni eða persónuleg tengsl stjórnenda, starfsmanna eða einstaklinga sem gegna eftirlitshlutverkum gagnvart öðrum einingum eða fyrirtækjum í samstæðunni, þ.m.t. í aðstæðum þar sem slíkir einstaklingar eru tengdir.
- 32) Til að tryggja hóflega meðhöndlun, ef rekstrarfélag eða fjárfestingarfélag og vörsluaðili tilheyra sömu samstæðu, ættu a.m.k. einn þriðji aðilanna, eða tveir einstaklingar, í stjórninni sem fer með eftirlitshlutverkin eða í framkvæmdastjórninni sem einnig fer með eftirlitshlutverkin, eftir því hvor er fámennari, að vera óháðir.
- 33) Að því er varðar stjórnarhætti fyrirtækja ætti að endurspegla sérkenni bæði einþætts kerfis, þar sem fyrirtæki er stjórnað af einu félagi sem tekur bæði að sér stjórnunar- og eftirlitshlutverkin, og tvíþætts kerfis, þar sem stjórnin og eftirlitsstjórnin eru til staðar hlið við hlið.
- 34) Í því skyni að gera lögbærum yfirvöldum, verðbréfasjóðum og vörsluaðilum kleift að laga sig að nýjum ákvæðum í þessari reglugerð, svo hægt verði að beita þessum ákvæðum á skilvirkan og árangursríkan hátt, þykir rétt að fresta deginum sem þessi reglugerð kemur til framkvæmda um 6 mánuði frá gildistöku hennar.
- 35) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit sérfræðingahóps evrópsku verðbréfanefndarinnar.

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. KAFLI

SKILGREININGAR OG INNIHALD SKRIFLEGA SAMNINGSINS

(2. mgr. 22. gr. í tilskipun 2009/65/EB)

1. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „tenging“: aðstæður þar sem tveir eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar eru annaðhvort tengdir með beinum eða óbeinum eignarhlut í félagi sem nemur 10% eða meira af eigin fé eða atkvæðisrétti eða öðru sem gerir mögulegt að hafa veruleg áhrif á stjórnun félagsins þar sem eignarhluturinn er,
- b) „samstæðutenging“: aðstæður þar sem tvö eða fleiri félög eða einingar tilheyra sömu samstæðu í skilningi 11. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB ⁽³⁾ eða alþjóðlegra reikningsskilastaðla sem samþykktir voru í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 ⁽⁴⁾.

2. gr.

Samningur fyrir tilnefningu vörsluaðila

1. Samningurinn um tilnefningu vörsluaðila í samræmi við 2. mgr. 22. gr. tilskipunar 2009/65/EB skal gerður á milli vörsluaðila annars vegar og fjárfestingarfélags eða rekstrarfélags hins vegar fyrir hvern sameignarsjóð sem rekstrarfélagið stjórnar.
2. Samningurinn skal innihalda a.m.k. eftirfarandi þætti:
 - a) lýsingu á þjónustunni sem vörsluaðila ber að veita og verklagsreglunum sem vörsluaðili á að setja fyrir hverja tegund eigna sem verðbréfasjóðurinn getur fjárfest í og sem faldar eru vörsluaðilanum,
 - b) lýsingu á hvernig framkvæma á vörslu- og umsjónarhlutverkin með hliðsjón af tegund eigna og landfræðilegum svæðum þar sem verðbréfasjóðurinn áformar að fjárfesta, þ.m.t. að því er varðar vörsluskyldur, skrá yfir lönd og verklagsreglur við að bæta við eða fjarlægja lönd af skránum. Þetta skal vera í samræmi við veittar upplýsingar í reglum verðbréfasjóðsins, stofnsamningi og tilboðsskjölum að því er varðar eignirnar sem verðbréfasjóðurinn getur fjárfest í,
 - c) gildistíma og skilyrði fyrir breytingu og uppsögn samningsins, þ.m.t. þær aðstæður sem gætu leitt til uppsagnar hans og upplýsingar varðandi uppsagnaraðferðina og verklagsreglurnar sem vörsluaðilinn notar við að senda allar viðeigandi upplýsingar til eftirmanns síns,
 - d) trúnaðarskuldbindingar sem gilda um aðilana í samræmi við viðeigandi lög og reglur. Þær skuldbindingar skulu ekki draga úr möguleika lögbærra yfirvalda á að hafa aðgang að viðeigandi skjölum og upplýsingum,
 - e) leiðir og verklagsreglur sem vörsluaðili notar til að senda rekstrarfélagi eða fjárfestingarfélagi allar viðeigandi upplýsingar sem það þarfnast til að framkvæma skyldur sínar, þ.m.t. nýtingu hvers konar réttinda sem tengjast eignum, og til að rekstrarfélagið eða fjárfestingarfélagið fái útanlega og nákvæmt yfirlit yfir reikninga verðbréfasjóðsins,
 - f) leiðir og verklagsreglur sem rekstrarfélag eða fjárfestingarfélag notar til að senda allar viðeigandi upplýsingar eða tryggir að vörsluaðili hafi aðgang að öllum upplýsingum sem hann þarfnast til að uppfylla skyldur sínar, þ.m.t. verklagsreglur sem tryggja að vörsluaðilinn fái upplýsingar frá öðrum aðilum sem tilnefndir eru af rekstrarfélaginu eða fjárfestingarfélaginu,

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjtuð. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19).

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla (Stjtuð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1).

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

- g) verklagsreglur sem fylgja á þegar breytingar á reglum verðbréfasjóðsins, stofnsamningi eða tilboðsskjölum eru teknar til athugunar, með upplýsingum um aðstæðurnar þegar upplýsa á vörsluaðila, eða þegar þörf er á fyrirframsamþykki vörsluaðila, til að halda áfram með breytinguna,
- h) allar nauðsynlegar upplýsingar sem fjárfestingarfélag eða rekstrarfélag, eða þriðji aðili sem vinnur í þágu verðbréfasjóðsins annars vegar og vörsluaðila hins vegar þurfa að skiptast á, í tengslum við sölu, áskrift, innlausn, útgáfu, uppsögn og endurkaup á hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóðsins,
- i) allar nauðsynlegar upplýsingar sem fjárfestingarfélag eða rekstrarfélag, eða þriðji aðili sem vinnur í þágu verðbréfasjóðsins og vörsluaðilans þurfa að skiptast á í tengslum við framkvæmd á skyldum vörsluaðilans,
- j) ef aðilar að samningnum áforma að tilnefna þriðju aðila til að inna af hendi hluta af skyldum sínum, skuldbindingu um að veita reglulega upplýsingar um sérhvern tilnefndan þriðja aðila og, sé þess óskað, upplýsingar um viðmiðanirnar sem notaðar eru til að velja þriðja aðila og fyrirhugaðar ráðstafanir til að vakta aðgerðirnar sem framkvæmdar eru af þriðja aðilanum sem valinn er,
- k) upplýsingar um verkefni og ábyrgð aðilanna að samningnum að því er varðar skuldbindingar í tengslum við að fyrirbyggja peningabætti og fjármögnun hryðjuverka,
- l) upplýsingar um alla reiðufjárreikninga sem stofnaðir eru í nafni fjárfestingarfélagsins eða rekstrarfélagsins sem kemur fram fyrir hönd verðbréfasjóðsins og verklagsreglurnar sem tryggja að vörsluaðilinn verði upplýstur þegar nýr reikningur er stofnaður,
- m) upplýsingar varðandi stigmögnunaraðferðir vörsluaðila, þ.m.t. tilgreining einstaklinga sem vörsluaðili á að hafa samband við innan rekstrarfélagsins eða fjárfestingarfélagsins þegar hann setur af stað slíka meðferð,
- n) skuldbindingu vörsluaðilans um að tilkynna að aðgreiningin á eignum sé ekki lengur nægjanleg til að tryggja vernd gegn ógjaldfærni þriðja aðila, sem vörsluaðgerðir hafa verið framseldar til, í samræmi við 22. gr. a tilskipunar 2009/65/EB í tiltekinni lögsögu,
- o) verklagsreglur sem tryggja að vörsluaðili, að því er varðar skyldur hans, búi yfir getu til að rannsaka framferði rekstrarfélagsins eða fjárfestingarfélagsins og meta gæði móttekinna upplýsinga, þ.m.t. með aðgangi að bókhaldi rekstrarfélagsins eða fjárfestingarfélagsins og með vettvangsheimsóknunum,
- p) verklagsreglur sem tryggja að rekstrarfélag eða fjárfestingarfélag geti metið frammistöðu vörsluaðila að því er varðar skyldur hans.

Upplýsingar um leiðirnar og verklagsreglurnar sem settar eru fram í a- til q-lið skal lýst í samningnum sem tilnefnir vörsluaðilann og sérhverri síðari breytingu á samningnum.

3. Aðilar geta samþykkt að senda upplýsingarnar, allar eða að hluta, sem þeir skiptast á rafrænt, að því tilskildu að rétt skráning slíkra upplýsinga sé tryggð.

4. Engin skylda er að gera sérstakan skriflegan samning fyrir hvern sameignarsjóð nema kveðið sé á um annað í landslögum.

Rekstrarfélag og vörsluaðili geta gert með sér stakan samning þar sem sameignarsjóðirnir sem það rekstrarfélag stjórnar eru taldir upp, sem samningurinn gildir um.

5. Samningurinn sem staðfestir tilnefningu vörsluaðilans og sérhver síðari samningur skal tilgreina löginn sem gilda um samninginn.

2. KAFLI

HLUTVERK VÖRSLUAÐILA, ÁREIÐANLEIKASKYLDUR, AÐGREININGARSKYLDUR OG VÖRN GEGN ÓGJALDFÆRNI

(3., 4. og 5. mgr. 22. gr. og c- og d-liður 2. mgr. 22. gr. a tilskipunar 2009/65/EB)

3. gr.

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

1. Á þeim tímapunkti þegar vörsluaðili er tilnefndur skal hann meta áhættuna sem fylgir eðli, umfangi og margbreytileika fjárfestingarstefnu og -áætlunar verðbréfasjóðsins og stjórnskipulagi rekstrarfélagsins eða fjárfestingarfélagsins. Á grundvelli þess mats skal vörsluaðilinn þróa umsjónaraðferðir sem eru viðeigandi fyrir verðbréfasjóðinn og eignirnar sem hann fjárfestir í og sem síðan eru innleiddar og þeim beitt. Þessar aðferðir skal uppfæra reglulega.

2. Við framkvæmd umsjónarskyldna sinna skv. 3. mgr. 22. gr. tilskipunar 2009/65/EB skal vörsluaðili framkvæma eftirlit eftir á og sannprófanir á ferlum og verklagsreglum sem eru á ábyrgð rekstrarfélagsins eða fjárfestingarfélagsins eða tilnefnds þriðja aðila. Vörsluaðili skal, við allar aðstæður, tryggja að viðeigandi sannprófunar- og afstemmingaraðferð sé til staðar og sem er innleidd og beitt og endurskoðuð með reglubundnu millibili. Rekstrarfélag eða fjárfestingarfélag skal tryggja að öll fyrirmæli í tengslum við eignir og rekstur verðbréfasjóðs séu sendar til vörsluaðila svo hann geti framkvæmt eigin sannprófunar- eða afstemmingaraðferð.

3. Vörsluaðili skal koma á skýrri og ítarlegri aukningaraðferð til að takast á við aðstæður þegar mögulegt ósamræmi uppgötvast við umsjónarskyldur hans, og skulu þær upplýsingar gerðar tiltækar lögbærum yfirvöldum rekstrarfélagsins eða fjárfestingarfélagsins samkvæmt beiðni.

4. Rekstrarfélag eða fjárfestingarfélag skal veita vörsluaðila, við upphaf starfsemi hans og á áframhaldandi grundvelli þaðan í frá, allar viðeigandi upplýsingar sem hann þarfnast til að uppfylla skyldur sínar skv. 3. mgr. 22. gr. tilskipunar 2009/65/ESB, þ.m.t. upplýsingar sem þriðju aðilar eiga að veita vörsluaðilanum.

Rekstrarfélag eða fjárfestingarfélag skal einkum tryggja að vörsluaðili geti haft aðgang að bókhaldinu og framkvæmt vettvangsheimsóknir á starfssvæði rekstrarfélagsins eða fjárfestingarfélagsins og hjá sérhverjum þjónustuveitanda sem er tilnefndur af rekstrarfélaginu eða fjárfestingarfélaginu, eða yfirfarið skýrslur og yfirlýsingar um viðurkenndar ytri vottanir frá hæfum óháðum endurskoðendum eða öðrum sérfræðingum til þess að tryggja að verklagsreglur sem eru til staðar séu fullnægjandi og viðeigandi.

4. gr.

Skyldur varðandi áskrift og innlausnir

1. Vörsluaðili telst uppfylla kröfumar sem settar eru fram í a-lið 3. mgr. 22. gr. tilskipunar 2009/65/EB, ef hann tryggir að rekstrarfélagið eða fjárfestingarfélagið hafi komið á, innleitt og beitt viðeigandi og samræmdu verklagi til að:

- a) stemma af áskriftarpantanir við áskriftartekjur, og fjölda útgefinna hlutdeildarskírteina við áskriftartekjurnar sem verðbréfasjóðurinn hefur mótttekið,
- b) stemma af innlausnarpantanir við greiddar innlausnir og fjölda hlutdeildarskírteina sem hafa verið afturkölluð við innlausnirnar sem verðbréfasjóðurinn hefur greitt,
- c) sannreyna reglulega að afstemmingaraðferðin sé viðeigandi.

Að því er varðar a-, b- og c-lið skal vörsluaðili einkum kanna reglulega samræmið á milli heildarfjölda hlutdeildarskírteina á reikningum verðbréfasjóðsins og heildarfjölda útstandandi hlutdeildarskírteina sem koma fram í skrá verðbréfasjóðsins.

2. Vörsluaðili skal tryggja og kanna reglulega að verklagsreglur varðandi sölu, útgáfu, endurkaup, innlausn og afturköllun hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðsins samrýmist gildandi landslögum og reglum eða stofnsamningi verðbréfasjóðsins og sannreyna að þessar reglur séu innleiddar á skilvirkan hátt.

3. Tíðni prófana vörsluaðilans skal vera í samræmi við flæði áskrifta og innlausna.

5. gr.

Skyldur að því er varðar verðmat á hlutdeildarskírteinum

1. Vörsluaðili telst uppfylla kröfumar sem settar eru fram í b-lið 3. mgr. 22. gr. tilskipunar 2009/65/EB, ef hann kemur á verklagsreglum til að:

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

- a) sannreyna á áframhaldandi grundvelli að viðeigandi og samræmdum verklagsreglum sé komið á og beitt við verðmatið á eignum verðbréfasjóðsins í samræmi við gildandi landslög eins og mælt er fyrir um í 85. gr. tilskipunar 2009/65/EB og við reglur og stofnsamning verðbréfasjóðsins,
 - b) tryggja að verðmatsstefnur og verklagsreglur séu innleiddar á skilvirkan hátt og endurskoðaðar með reglubundnu millibili.
2. Vörsluaðili skal framkvæma sannprófunina sem um getur í 1. mgr. í samræmi við tíðnina í verðmatsstefnu verðbréfasjóðsins eins og skilgreint er í landslögum sem samþykkt hafa verið í samræmi við 85. gr. tilskipunar 2009/65/EB og reglur eða stofnsamning verðbréfasjóðsins.
3. Telji vörsluaðili að útreikningur á verðgildi hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðsins hafi ekki verið framkvæmdur í samræmi við gildandi lög eða reglur eða stofnsamning verðbréfasjóðsins, skal hann tilkynna það rekstrarfélaginu eða fjárfestingarfélaginu og tryggja að aðgerðir til úrbóta séu teknar tímanlega með hagsmuni fjárfesta verðbréfasjóðsins að leiðarljósi.

6. gr.

Skyldur að því er varðar framkvæmd fyrirmæla verðbréfasjóðsins

Vörsluaðili telst uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í c-lið 3. mgr. 22. gr. tilskipunar 2009/65/EB ef hann kemur á og innleiðir a.m.k.:

- a) viðeigandi verklagsreglur til að sannreyna að fyrirmæli rekstrarfélagsins eða fjárfestingarfélagsins uppfylli gildandi lög og reglugerðið og reglur og stofnsamning verðbréfasjóðsins,
- b) aukningaraðferð ef verðbréfasjóðurinn hefur rofið eitt af mörkunum eða takmörkununum sem um getur í annarri undirgrein.

Að því er varðar a-lið skal vörsluaðili einkum vakta reglufylgni verðbréfasjóðsins við fjárfestingartakmarkanir þær og skuldsetningarmörk sem verðbréfasjóðurinn fellur undir. Verklagsreglurnar sem um getur í a-lið skulu vera í réttu hlutfalli við eðli, umfang og margbreytileika verðbréfasjóðsins.

7. gr.

Skyldur að því er varðar tímanlegt uppgjör viðskipta

1. Vörsluaðili telst fara að kröfunum, sem settar eru fram í d-lið 3. mgr. 22. gr. tilskipunar 2009/65/EB, ef hann kemur á verklagi til að greina hvers konar aðstæður þegar endurgjald vegna viðskipta er varða eignir verðbréfasjóðsins er ekki sent til verðbréfasjóðsins innan venjulegra tímamarka, tilkynnir rekstrarfélaginu eða fjárfestingarfélaginu um það og, ef ekki hefur verið ráðin bót á aðstæðunum, krefur mótaðilann um skil á eignunum ef mögulegt er.
2. Ef viðskipti eiga sér ekki stað á skipulegum verðbréfamarkaði skal vörsluaðili annast skyldur sínar skv. 1. mgr. að teknu tilliti til skilyrðanna sem tengjast þessum viðskiptum.

8. gr.

Skyldur sem varða tekjuútreikning og útgreiðslu verðbréfasjóðsins

1. Vörsluaðili telst uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í e-lið 3. mgr. 22. gr. tilskipunar 2009/65/EB ef hann:
 - a) tryggir að útreikningnum á hreinum tekjum sé beitt í samræmi við reglur verðbréfasjóðsins, stofnsamning og viðeigandi landslög í hvert skipti sem greiða á út tekjur,

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

- b) tryggir að gerðar séu viðeigandi ráðstafanir þegar endurskoðendur verðbréfasjóðsins hafa gert fyrirvara við ársreikninginn. Rekstrarfélag eða fjárfestingarfélag skal veita vörsluaðila allar upplýsingar um fyrirvara sem settir eru við reikningsskilin,
- c) kannar heilleika og áreiðanleika arðgreiðslna í hvert skipti sem greiða á út tekjur.
2. Telji vörsluaðilinn að útreikningnum á tekjum hafi ekki verið beitt í samræmi við gildandi lög eða reglur eða stofnsamning verðbréfasjóðsins, skal hann tilkynna það rekstrarfélaginu eða fjárfestingarfélaginu og tryggja að gripið hafi verið til tímanlegra aðgerða til úrbóta með hagsmuni fjárfesta verðbréfasjóðsins að leiðarljósi.

9. gr.

Vöktun reiðufjár — almennar kröfur

1. Þegar reiðufjárreikningur er geymdur eða stofnaður í einingu sem um getur í b-lið 4. mgr. 22. gr. tilskipunar 2009/65/EB, í nafni fjárfestingarfélagsins eða rekstrarfélagsins sem kemur fram fyrir hönd verðbréfasjóðsins, skal rekstrarfélagið eða fjárfestingarfélagið tryggja að vörsluaðilanum séu veittar, í upphafi starfsemi hans og á áframhaldandi grundvelli, allar viðkomandi upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að hafa skýra yfirsýn yfir öll sjóðstreymi verðbréfasjóðsins til að vörsluaðilinn geti uppfyllt skyldur sínar.
2. Við tilnefningu vörsluaðilans skal fjárfestingarfélagið eða rekstrarfélagið upplýsa vörsluaðilann um alla reiðufjárreikninga sem stofnaðir hafa verið í nafni fjárfestingarfélagsins, eða rekstrarfélagsins sem kemur fram fyrir hönd verðbréfasjóðsins.
3. Fjárfestingarfélag eða rekstrarfélag skal tryggja að vörsluaðilanum séu veittar allar upplýsingar sem tengjast stofnun sérhvers nýs reiðufjárreiknings fjárfestingarfélagsins, eða rekstrarfélagsins sem kemur fram fyrir hönd verðbréfasjóðsins.

10. gr.

Vöktun á sjóðstreymi verðbréfasjóðsins

1. Vörsluaðili telst uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 4. mgr. 22. gr. tilskipunar 2009/65/EB ef hann tryggir skilvirka og tilhlýðilega vöktun á sjóðstreymi verðbréfasjóðsins og, einkum, að lágmarki:
- a) tryggir að allt reiðufé verðbréfasjóðsins sé bókað á reikninga sem hafa verið stofnaðir annaðhvort hjá seðlabanka eða lánastofnun sem er með starfsleyfi í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB ⁽⁵⁾ eða lánastofnun með starfsleyfi í þriðja landi, þegar reiðufjárreikninga er krafist að því er varðar rekstur verðbréfasjóða, að því tilskildu að lögbært yfirvald heimaáðildarríkis verðbréfasjóðsins telji að varfærnisefirlitið og reglugerðarkröfurnar sem gilda um lánastofnanir í því þriðja landi séu a.m.k. jafngildar þeim sem gilda í Sambandinu,
- b) innleiðir virkar og tilhlýðilegar verklagsreglur til að stemma af allar sjóðstreymihreyfingar og framkvæmir slíkar afstemmingar daglega eða, í tilviki hægra sjóðshreyfinga, þegar slíkar sjóðstreymihreyfingar eiga sér stað,
- c) innleiðir viðeigandi verklagsreglur til að greina, við lok hvers viðskiptadags, verulegt sjóðstreymi og sjóðstreymi sem gæti verið í ósamræmi við rekstur verðbréfasjóðsins,
- d) yfirfer reglulega hvort þessar verklagsreglur séu fullnægjandi, þ.m.t. með heildarendurskoðun á afstemmingarvinnslunni að lágmarki einu sinni á ári og tryggir að reiðufjárreikningar sem hafa verið stofnaðir í nafni fjárfestingarfélagsins eða í nafni rekstrarfélagsins sem kemur fram fyrir hönd verðbréfasjóðsins, eða í nafni vörsluaðilans sem kemur fram fyrir hönd verðbréfasjóðsins, séu teknir með í afstemmingarvinnslunni,
- e) vaktar á áframhaldandi grundvelli niðurstöður afstemminganna og aðgerðirnar sem gripið er til í kjölfar hvers konar ósamræmis sem afstemmingaraðferðirnar greina og tilkynnir rekstrarfélaginu eða fjárfestingarfélaginu hafi það ekki verið leiðrétt án ótilhlýðilegrar tafar, og einnig lögbæru yfirvöldunum ef ekki er hægt að leiðrétta aðstæðurnar,
- f) kannar að samræmi sé á milli eigin færslna á sjóðsstöðum og færslna verðbréfasjóðsins.

Í þeim tilgangi að meta jafngildi varfærnisefirlits og reglugerðarkrafna sem gilda um lánastofnanir í þriðja landi sem um getur í a-lið, skulu lögbær yfirvöld taka tillit til framkvæmdargerðanna sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt skv. 4. mgr. 107. gr. reglugerðar

⁽⁵⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnisefirlit með lánastofnunum og fjárfestingarfyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtuð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ⁽⁶⁾.

2. Rekstrarfélag eða fjárfestingarfélag skal tryggja að öll fyriræli og upplýsingar í tengslum við reiðufjárreikning sem er stofnaður hjá þriðja aðila séu sendar til vörsluaðilans til að gera honum kleift að framkvæma sína eigin afstemmingaraðferð.

11. gr.

Skyldur er varða greiðslur við áskrift

Rekstrarfélag eða fjárfestingarfélag skal tryggja að vörsluaðilanum séu veittar upplýsingar um greiðslur sem inntar hafa verið af hendi af eða fyrir hönd fjárfesta þegar þeir gerast áskrifendur að hlutdeildarskríteinum verðbréfasjóðs, við lok hvers viðskiptadags sem fjárfestingarfélagið eða rekstrarfélagið sem kemur fram fyrir hönd verðbréfasjóðsins, eða aðili sem kemur fram fyrir hönd verðbréfasjóðsins, líkt og yfirfærsluaðili, tekur við slíkum greiðslum eða pöntun frá fjárfestinum. Rekstrarfélag eða fjárfestingarfélag skal tryggja að vörsluaðilinn fái allar aðrar viðeigandi upplýsingar sem hann þarfnast til að ganga úr skugga um að greiðslurnar séu bókaðar á reiðufjárreikninga sem hafa verið stofnaðir í nafni fjárfestingarfélagsins eða í nafni rekstrarfélagsins sem kemur fram fyrir hönd verðbréfasjóðsins eða í nafni vörsluaðilans í samræmi við ákvæði 4. mgr. 22. gr. tilskipunar 2009/65/EB.

12. gr.

Fjármálagerningar í vörslu

1. Fjármálagerningar, sem tilheyra verðbréfasjóðnum sem ekki er hægt að afhenda vörsluaðilanum á ápreifanlegu formi, skulu falla undir vörsluskyldur vörsluaðilans þegar allar eftirfarandi kröfur eru uppfylltar:
 - a) um er að ræða fjármálagerninga sem um getur í a- til e-lið og h-lið 1. mgr. 50. gr. tilskipunar 2009/65/EB eða framseljanleg verðbréf sem innihalda afleiður eins og um getur í fjórðu undirgrein 3. mgr. 51. gr. tilskipunar 2009/65/EB,
 - b) mögulegt er að skrá þá eða geyma á verðbréfareikningi, beint eða óbeint, í nafni vörsluaðilans.
2. Fjármálagerningar sem, í samræmi við gildandi landslög, eru eingöngu skráðir beint í nafni verðbréfasjóðsins hjá útgefandanum sjálfum eða fulltrúa hans, líkt og skrásetjara hlutabréfa eða yfirfærsluaðila, skulu ekki vera í vörslu.
3. Fjármálagerningar, sem tilheyra verðbréfasjóðnum sem hægt er að afhenda vörsluaðilanum á ápreifanlegu formi, skulu í öllum tilfellum falla undir vörsluskyldur vörsluaðilans.

13. gr.

Vörsluskyldur að því er varðar eignir í vörslu

1. Vörsluaðili telst uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í a-lið 5. mgr. 22. gr. tilskipunar 2009/65/EB að því er tekur til fjármálagerninga sem eiga að vera í vörslu, ef hann tryggir að:
 - a) fjármálagerningarnir séu rétt skráðir í samræmi við ii. lið a-liðar 5. mgr. 22. gr. tilskipunar 2009/65/ESB,
 - b) skrá og aðgreindum reikningum sé viðhaldið á þann hátt sem tryggir nákvæmni þeirra, og einkum samsvörunina við fjármálagerningana og reiðuféð í vörslu fyrir verðbréfasjóð,
 - c) afstemmingar séu framkvæmdar reglulega á milli innra bókhalds og skráa vörsluaðilans og sérhvers þriðja aðila sem vörsluaðgerðir hafa verið framseldar til í samræmi við 22. gr. a tilskipunar 2009/65/EB,
 - d) hæfileg varfærni sé viðhöfð í tengslum við fjármálagerningana í vörslu til að tryggja strangar kröfur að því er varðar vernd fjárfesta,
 - e) allar viðeigandi vörsluáættur yfir alla vörslukeðjuna séu metnar og vaktar og rekstrarfélagið eða fjárfestingarfélagið séu upplýst

⁽⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og fjárfestingarfyrirtæki og um breytingu á reglugerð ESB nr. 648/2012 (Stjttíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

um sérhverja efnislega áhættu sem er greind,

- f) fullnægjandi skipulagsráðstöfunum sé komið á til að lágmarka áhættu af tapi eða rýrnun fjármálagerninganna, eða réttinda í tengslum við þessa fjármálagerninga vegna svika, slakrar stjórnsýslu, ófullnægjandi skráningar eða vanrækslu,
 - g) eignarréttur verðbréfasjóðsins, eða eignarréttur rekstrarfélagsins sem kemur fram fyrir hönd verðbréfasjóðsins, yfir eignunum sé sannreyndur.
2. Þegar vörsluaðili hefur framselt vörsluaðgerðir sínar, að því er varðar eignir í vörslu, til þriðja aðila í samræmi við 22. gr. a tilskipunar 2009/65/EB, skal hann áfram falla undir kröfurnar í b- til e-lið 1. mgr. þessarar greinar. Vörsluaðilinn skal einnig tryggja að þriðji aðili hlífi kröfunum í b- til g-lið 1. mgr. þessarar greinar.

14. gr.

Vörsluskyldur að því er varðar staðfestingu á eignarhaldi og skráningar

1. Rekstrarfélag eða fjárfestingarfélag skal veita vörsluaðila, við upphaf starfsemi hans og á áframhaldandi grundvelli, allar viðeigandi upplýsingar sem hann þarfnast til að uppfylla skyldur sínar skv. b-lið 5. mgr. 22. gr. tilskipunar 2009/65/EB, og tryggja að þriðju aðilar veiti vörsluaðilanum allar viðeigandi upplýsingar.
2. Vörsluaðili telst uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í b-lið 5. mgr. 22. gr. tilskipunar 2009/65/EB, ef hann a.m.k.:
 - a) hefur aðgang, án ótilhlýðilegrar tafar, að öllum viðeigandi upplýsingum sem hann þarfnast til að framkvæma staðfestingu á eignarhaldi og skráningarskyldur, þ.m.t. viðeigandi upplýsingar sem þriðju aðilar eiga að veita vörsluaðilanum,
 - b) hefur nægar og áreiðanlegar upplýsingar til að vera fullviss um eignarrétt verðbréfasjóðsins yfir eignunum,
 - c) heldur skrá yfir þessar eignir sem hann er fullviss um að verðbréfasjóðurinn eigi með því að:
 - i. skrá í skrár sínar, í nafni verðbréfasjóðsins, þær eignir, þ.m.t. viðkomandi grundvallarfjárhæðir, sem hann er fullviss um að verðbréfasjóðurinn eigi,
 - ii. geta útvegað á hverjum tíma ítarlega og uppfærða skrá yfir eignir verðbréfasjóðsins, þ.m.t. viðkomandi grundvallarfjárhæðir.

Að því er varðar ii. lið c-liðar þessarar málsgreinar skal vörsluaðilinn tryggja að hann hafi málsmeðferðarreglur til staðar þannig að ekki sé hægt að úthluta, yfirfæra, skipta út eða afhenda skráðar eignir án þess að vörsluaðilinn eða þriðji aðilinn, sem vörsluaðgerðir hafa verið framseldar til í samræmi við 22. gr. a tilskipunar 2009/65/EB, hafi verið upplýstur um slík viðskipti. Vörsluaðili skal hafa aðgang, án ótilhlýðilegrar tafar, að skjalfestri sönnun um sérhver viðskipti og stöðu frá viðkomandi þriðja aðila. Rekstrarfélag eða fjárfestingarfélag skal tryggja að viðeigandi þriðji aðili veiti vörsluaðilanum, án ótilhlýðilegrar tafar, staðfestingu eða aðra skjalfesta sönnun í hvert sinn sem sala eða kaup á eignum á sér stað eða fyrirtækjaaðgerð sem leiðir til útgáfu fjármálagerninga, a.m.k. einu sinni á ári.

3. Vörsluaðili skal tryggja að rekstrarfélag eða fjárfestingarfélag hafi og innleiði viðeigandi verklagsreglur til að sannreyna að eignirnar sem verðbréfasjóðurinn eignast séu skráðar á viðeigandi hátt í nafni verðbréfasjóðsins, og skal kanna samræmið á milli staðanna í skráum verðbréfasjóðsins og eignanna sem vörsluaðilinn er fullviss um að verðbréfasjóðurinn eigi. Rekstrarfélag eða fjárfestingarfélag skal tryggja að öll fyrirmæli og viðeigandi upplýsingar í tengslum við eignir verðbréfasjóðsins séu sendar til vörsluaðilans til að vörsluaðilinn geti framkvæmt sína eigin sannprófunar- eða afstemmingaraðferð.
4. Vörsluaðili skal setja upp og innleiða aukningaraðferð fyrir aðstæður þar sem ósamræmi uppgötvast, þ.m.t. tilkynningar til rekstrarfélagsins eða fjárfestingarfélagsins og lögbærri yfirvalda ef ekki er hægt að leiðrétta aðstæðurnar.

15. gr.

Áreiðanleikakönnun

1. Vörsluaðili telst uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í c-lið 2. mgr. 22. gr. a tilskipunar 2009/65/EB ef hann innleiðir og beitir viðeigandi skráðri áreiðanleikakönnunaraðferð fyrir valið og áframhaldandi vöktun á þriðja aðilanum, sem vörsluaðgerðir verða eða hafa verið framseldar til í samræmi við 22. gr. a þeirrar tilskipunar. Sú aðferð skal endurskoðuð reglulega og a.m.k. einu sinni á ári.
2. Við val og tilnefningu á þriðja aðila, sem vörsluaðgerðir verða framseldar til í samræmi við 22. gr. a tilskipunar 2009/65/EB, skal

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

vörsluaðili beita allri tilhlýðilegri færni, aðgát og kostgæfni til að tryggja að sé þessum þriðja aðila treyst fyrir fjármálagerningum veiti það fullnægjandi gæði verndar. Vörsluaðilinn skal a.m.k.:

- a) meta eftirlits- og lagarammann, þ.m.t. landsáhættu, vörsluáhættu og fullnustuhæfi samningsins sem gerður er við þann þriðja aðila. Þetta mat skal einkum gera vörsluaðilanum kleift að skera úr um afleiðingarnar af mögulegri ógjaldfærni þriðja aðilans fyrir eignir og réttindi verðbréfasjóðsins,
- b) tryggja að matið á fullnustuhæfi samningsákvæðanna sem um getur í a-lið, ef þriðji aðilinn er staðsettur í þriðja landi, sé byggt á lögfræðiráðgjöf einstaklings eða lögaðila sem er óháður vörsluaðilanum eða þeim þriðja aðila,
- c) meta hvort framkvæmd, verklagsreglur og innra eftirlit þriðja aðilans sé fullnægjandi til að tryggja að eignir verðbréfasjóðsins fullnægi ströngum kröfum um aðgát og vernd,
- d) meta hvort fjárhagslegur styrkur og orðstír þriðja aðilans sé í samræmi við verkefni sem framseld eru. Það mat skal byggt á upplýsingum sem hugsanlegur þriðji aðili veitir, sem og öðrum gögnum og upplýsingum,
- e) tryggja að þriðji aðili búi yfir rekstrar- og tæknigetu til að framkvæma framseld vörsluverkefni með háu verndar- og öryggisstigi.

3. Vörsluaðili skal beita allri tilhlýðilegri færni, aðgát og kostgæfni við reglubundna endurskoðun og áframhaldandi vöktun til að tryggja að þriðji aðili haldi áfram að uppfylla viðmiðanirnar sem kveðið er á um í 2. mgr. og skilyrðin sem sett eru fram í a- til e-lið 3. mgr. 22. gr. a tilskipunar 2009/65/ESB, og skal a.m.k.:

- a) vakta frammistöðu þriðja aðilans og reglufylgni hans við kröfur vörsluaðilans,
- b) tryggja að þriðji aðilinn beiti ströngum kröfum um aðgát, varfærni og kostgæfni við framkvæmd vörsluverkefna sinna og einkum að hann aðgreini í raun fjármálagerningana í samræmi við kröfurnar í 16. gr. þessarar reglugerðar,
- c) endurskoða vörsluáhættuna í tengslum við ákvörðunina um að fela þriðja aðila eignirnar og tilkynna rekstrarfélaginu eða fjárfestingarfélaginu án ótilhlýðilegrar tafar um sérhverja breytingu á þessari áhættu. Það mat skal byggt á upplýsingum sem þriðji aðili veitir og öðrum gögnum og upplýsingum. Við markaðsumrót eða þegar áhætta hefur verið greind skal tíðni og umfang endurskoðunarinnar aukin,
- d) vakta reglufylgni við bannið sem mælt er fyrir um í 7. mgr. 22. gr. tilskipunar 2009/65/EB,
- e) vakta reglufylgni við bannið sem mælt er fyrir um í 25. gr. tilskipunar 2009/65/EB og kröfurnar sem mælt er fyrir um í 21.–24. gr. þessarar reglugerðar.

4. Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. skulu gilda að breyttu breytanda þegar þriðji aðili, sem vörsluaðgerðir eru framseldar til í samræmi við 22. gr. a tilskipunar 2009/65/ESB, hefur ákveðið að áframframselja vörsluaðgerðir sínar, allar eða að hluta, til annars þriðja aðila samkvæmt þriðja undirlíð 3. mgr. 22. gr. a tilskipunar 2009/65/EB.

5. Vörsluaðili skal þróa viðbragðsáætlanir fyrir hvern markað þar sem hann tilnefnir þriðja aðila, sem vörsluaðgerðir eru framseldar til í samræmi við 22. gr. a tilskipunar 2009/65/EB. Viðbragðsáætlun skal innihalda tilgreiningu á öðrum þjónustuveitanda, sé hann fyrir hendi.

6. Vörsluaðili skal gera ráðstafanir, þ.m.t. um uppsögn samningsins, sem eru með hagsmuni verðbréfasjóðsins og fjárfesta hans að leiðarljósi, ef þriðji aðili, sem vörsluaðgerðir hafa verið framseldar til í samræmi við 22. gr. a tilskipunar 2009/65/EB, fullnægir ekki lengur kröfunum í þessari reglugerð.

7. Ef vörsluaðili hefur framselt vörsluaðgerðir sínar í samræmi við 22. gr. a tilskipunar 2009/65/EB, til þriðja aðila sem staðsettur er í þriðja landi, skal hann tryggja að samningurinn við þriðja aðila veiti möguleika á uppsögn fyrir lok samningstímans, að teknu tilliti til þess að þörf er á að aðhafast með hagsmuni verðbréfasjóðsins og fjárfesta hans að leiðarljósi, í því tilviki að gildandi ógjaldfærnilög og dómaframkvæmd viðurkenni ekki lengur aðgreininguna á eignum verðbréfasjóðsins komi til ógjaldfærni þriðja aðila eða ef skilyrðin sem mælt er fyrir um í lögum og dómaframkvæmd eru ekki lengur uppfyllt.

8. Ef gildandi ógjaldfærnilög og dómaframkvæmd viðurkenni ekki lengur aðgreininguna á eignum verðbréfasjóðs komi til ógjaldfærni þriðja aðila, sem vörsluaðgerðir hafa verið framseldar til í samræmi við 22. gr. a tilskipunar 2009/65/EB, eða tryggir ekki lengur að eignir viðskiptavina verðbréfasjóðs vörsluaðilans myndi ekki hluta af búi þriðja aðila komi til ógjaldfærni og séu ekki tiltækar til útgreiðslu meðal, eða sölu til hagsbóta, lánveitanda þriðja aðila, sem vörsluaðgerðir eru framseldar til skv. 22. gr. a tilskipunar 2009/65/EB, skal vörsluaðilinn tafarlaust upplýsa rekstrarfélagið eða fjárfestingarfélagið.

9. Við móttöku upplýsinganna sem um getur í 8. mgr. skal rekstrarfélagið eða fjárfestingarfélagið tafarlaust tilkynna lögbæru yfirvaldi sínu um slíkar upplýsingar og fhuga allar viðeigandi ráðstafanir í tengslum við viðkomandi eignir verðbréfasjóðsins, þ.m.t. sölu þeirra, að teknu tilliti til þarfarinnar að aðhafast með hagsmuni verðbréfasjóðsins og fjárfesta hans að leiðarljósi.

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

16. gr.

Aðgreiningarskylda

- Ef vörsluaðgerðir hafa verið framseldar þriðja aðila að fullu eða að hluta skal vörsluaðili tryggja að þriðji aðili, sem vörsluaðgerðir eru framseldar til skv. 22. gr. a tilskipunar 2009/65/EB, komi fram í samræmi við aðgreiningarskylduna sem mælt er fyrir um í c-lið 3. mgr. 22. gr. a tilskipunar 2009/65/EB með því að sannreyna að þriðji aðili:
 - haldi allar nauðsynlega skrár og reikninga til að gera vörsluaðilanum kleift, hvenær sem er og án tafar, að aðgreina eignir viðskiptavina verðbréfasjóðs vörsluaðilans frá eigin eignum, eignum annarra viðskiptavina, eignum í umsjón vörsluaðilans fyrir eigin reikning og eignum í vörslu fyrir viðskiptavini vörsluaðilans sem ekki eru verðbréfasjóðir,
 - haldi skrár sínar og reikninga á þann hátt að tryggt sé að þeir séu nákvæmir og einkum að þeir séu í samræmi við eignirnar í vörslu fyrir viðskiptavini vörsluaðilans,
 - framkvæmi reglulega afstemmingar á milli innra bókhalds og skráa vörsluaðila og þriðja aðila, sem hann hefur áframframselt vörsluaðgerðir til í samræmi við þriðja undirlið 3. mgr. 22. gr. a tilskipunar 2009/65/EB,
 - innleiði fullnægjandi skipulagsráðstafanir til að lágmarka áhættuna á tapi eða rýrnun fjármálagerninga eða réttinda í tengslum við þessa fjármálagerninga vegna misnotkunar fjármálagerninganna, svika, slakrar stjórnýslu, ófullnægjandi skráningar eða vanrækslu,
 - haldi reiðufé verðbréfasjóðsins inni á reikningi eða reikningum hjá seðlabanka þriðja lands eða lánastofnun með starfsleyfi í þriðja landi, að því tilskildu að lögbær yfirvöld heimaáildarríkis verðbréfasjóðsins álíti varfærnisefirlit og reglugerðarkröfur sem gilda um lánastofnanir í því þriðja landi a.m.k. jafngildar þeim sem gilda í Sambandinu, í samræmi við c-lið 4. mgr. 22. gr. tilskipunar 2009/65/EB.
- Ákvæði 1. mgr. skulu gilda að breyttu breytanda þegar þriðji aðili, sem vörsluaðgerðir eru framseldar til í samræmi við 22. gr. a tilskipunar 2009/65/ESB, hefur ákveðið að áframframselja allar eða hluta af vörsluaðgerðum sínum til annars þriðja aðila samkvæmt þriðja undirlið 3. mgr. 22. gr. a tilskipunar 2009/65/EB.

17. gr.

Vernd eigna verðbréfasjóðs gegn ógjaldfærni þegar vörsluaðgerðir eru framseldar

- Vörsluaðili skal tryggja að þriðji aðili sem staðsettur er í þriðja landi, sem vörsluaðgerðir verða eða hafa verið framseldar til í samræmi við 22. gr. a tilskipunar 2009/65/EB, geri allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að ef komi til ógjaldfærni þriðja aðila, séu eignir verðbréfasjóðs í vörslu þriðja aðila ekki tiltækar til útgreiðslu meðal, eða sölu til hagsbóta, lánveitenda þess þriðja aðila.
- Vörsluaðili skal tryggja að þriðji aðili geri eftirfarandi ráðstafanir:
 - fái lögfræðiráðgjöf frá óháðum einstaklingi eða lögaðila sem staðfestir að í gildandi ógjaldfærnilögum sé viðurkennd aðgreiningin á eignum viðskiptavina verðbréfasjóðs vörsluaðilans frá hans eigin eignum og frá eignum annarra viðskiptavina hans, frá eignum í vörslu fyrir eigin reikning vörsluaðilans og eignum í vörslu fyrir viðskiptavini vörsluaðilans sem ekki eru verðbréfasjóðir, eins og um getur í 16. gr. þessarar reglugerðar, og að eignir viðskiptavina verðbréfasjóðs vörsluaðilans myndi ekki hluta af búi þriðja aðila komi til ógjaldfærni og séu ekki tiltækar til útgreiðslu meðal, eða sölu til hagsbóta, lánveitenda þriðja aðila, sem vörsluaðgerðir hafa verið framseldar til skv. 22. gr. a tilskipunar 2009/65/EB,
 - tryggi að í skilyrðunum sem mælt er fyrir um í gildandi ógjaldfærnilögum og dómaframkvæmd þess þriðja lands sé viðurkennt að eignir viðskiptavina verðbréfasjóðs vörsluaðilans séu aðgreindar og ótiltækar til útgreiðslu meðal, eða sölu til hagsbóta, lánveitenda, eins og um getur í a-lið, og að þau séu uppfyllt þegar framsalssamningurinn er gerður við vörsluaðilann, sem og á áframhaldandi grundvelli allan þann tíma sem framsalið stendur yfir.
 - upplýsi vörsluaðila tafarlaust ef einhver af skilyrðunum sem um getur í b-lið eru ekki lengur uppfyllt,
 - viðhaldi nákvæmum og uppfærðum skráum og bókhaldi yfir eignir verðbréfasjóðsins á grundvelli þess að vörsluaðili geti hvenær sem er ákvarðað um nákvæma gerð, staðsetningu og eignarhaldsstöðu þessara eigna,
 - leggi reglulega fram yfirlýsingu til vörsluaðila, og hvenær sem breyting á sér stað, sem tilgreinir eignir viðskiptavina verðbréfasjóðs vörsluaðilans,
 - upplýsi vörsluaðila um breytingarnar á gildandi ógjaldfærnilögum og skilvirkri beitingu þeirra.
- Ef vörsluaðili hefur framselt vörsluaðgerðir sínar í samræmi við 22. gr. a tilskipunar 2009/65/EB til þriðja aðila sem staðsettur er í Sambandinu skal sá þriðji aðili leggja reglulega fram yfirlýsingu til vörsluaðilans, og hvenær sem breyting á sér stað, sem tilgreinir

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

eignir viðskiptavina verðbréfasjóðs vörsluaðilans.

4. Vörsluaðili skal tryggja að skyldur sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr. gildi að breyttu breytanda þegar þriðji aðili, sem vörsluaðgerðir eru framseldar til í samræmi við 22. gr. a tilskipunar 2009/65/ESB, hefur ákveðið að áframframselja allar eða hluta af vörsluaðgerðum sínum til annars þriðja aðila samkvæmt þriðja undirlið 3. mgr. 22. gr. a tilskipunar 2009/65/EB.

3. KAFLI

TAP FJÁRMÁLAGERNINGA OG LAUSN UNÐAN ÁBYRGÐ

(1. mgr. 24. gr. í tilskipun 2009/65/EB)

18. gr.

Tap á fjármálagerningi í vörslu

1. Tap á fjármálagerningi í vörslu í skilningi annarrar undirgreinar 1. mgr. 24. gr. tilskipunar 2009/65/EB skal talið hafa átt sér stað, í tengslum við fjármálagerning í vörslu vörsluaðila eða þriðja aðila, sem vörsluaðgerðir fjármálagerninga hafa verið framseldar til í samræmi við 22. gr. a tilskipunar 2009/65/EB, þegar eitthvert af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

- sýnt er fram á að uppgjafinn eignarréttur verðbréfasjóðsins sé ekki gildur vegna þess að hann er annaðhvort ekki lengur fyrir hendi eða var aldrei til staðar,
- verðbréfasjóðurinn hefur endanlega verið sviptur eignarrétti sínum yfir fjármálagerningnum,
- verðbréfasjóðurinn er endanlega ófær, beint eða óbeint, um að ráðstafa fjármálagerningnum.

2. Þegar rekstrarfélag eða fjárfestingarfélag hefur gengið úr skugga um tapið á fjármálagerningi skal fylgja skjalfest úrvinnsla sem er greiðlega aðgengileg lögbærum yfirvöldum. Þegar gengið hefur verið úr skugga um tapið skal það tafarlaust tilkynnt fjárfestum á varanlegum miðli.

3. Fjármálagerningur í vörslu skal ekki talinn tapaður í skilningi annarrar undirgreinar 1. mgr. 24. gr. tilskipunar 2009/65/EB, ef verðbréfasjóður er endanlega sviptur eignarrétti sínum að því er varðar tiltekinn gerning, svo fremi þeim gerningi sé skipt út fyrir eða umbreytt í annan fjármálagerning eða -gerninga.

4. Komi til ógjaldfærni þriðja aðila, sem vörsluaðgerðir fjármálagerninga hafa verið framseldar til í samræmi við 22. gr. a tilskipunar 2009/65/EB, skal rekstrarfélagið eða fjárfestingarfélagið ganga úr skugga um tap fjármálagernings í vörslu um leið og eitt skilyrðanna sem tilgreind eru í 1. mgr. er uppfyllt með vissu.

Fullvissa verður að vera um hvort eitthvert skilyrðanna sem sett eru fram í 1. mgr. séu uppfyllt í síðasta lagi við lok málsmeðferðar vegna ógjaldfærni. Rekstrarfélag eða fjárfestingarfélag og vörsluaðili skulu vakta málsmeðferð vegna ógjaldfærni náið til að ákvarða hvort allir eða einhverjir fjármálagerninganna sem hafa verið faldir þriðja aðila, sem vörsluaðgerðir fjármálagerninga hafa verið framseldar til í samræmi við 22. gr. a tilskipunar 2009/65/EB, séu í raun tapaðir.

5. Gangna skal úr skugga um tap fjármálagernings í vörslu án tillits til þess hvort skilyrðin sem gefin eru upp í 1. mgr. séu afleiðing svika, vanrækslu eða annars atferlis af ásetningi eða óviljandi.

19. gr.

Lausn undan ábyrgð

1. Ábyrgð vörsluaðila samkvæmt öðrum undirlið 1. mgr. 24. gr. tilskipunar 2009/65/EB skal ekki virkjuð geti vörsluaðilinn sannað að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- atburðurinn sem leiddi til tapsins er ekki vegna neinna athafna eða yfirsjónar vörsluaðilans eða þriðja aðila, sem vörsluaðgerðir fjármálagerninga í vörslu hafa verið framseldar til í samræmi við a-lið 5. mgr. 22. gr. tilskipunar 2009/65/EB,

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

- b) vörsluaðilinn hefði ekki getað með góðu móti hindrað að atburðurinn ætti sér stað sem leiddi til taps, þrátt fyrir að hafa gert allar varúðarráðstafanir sem aðgættum vörsluaðila ber skylda til eins og endurspeglast í viðteknum starfsvenjum í atvinnugreininni,
 - c) vörsluaðilinn hefði ekki getað komið í veg fyrir tapið þrátt fyrir nákvæma og yfirgripsmikla áreiðanleikakönnun eins og skjalfest er með því að hafa:
 - i. komið á, innleitt, beitt og viðhaldið skipulagi og verklagsreglum og tryggt sérþekkingu sem er fullnægjandi og í réttu hlutfalli við eðli og margbreytileika eigna verðbréfasjóðsins til þess að greina tímanlega og vakta á áframhaldandi grundvelli ytri atburði sem geta leitt til taps á fjármálagerningi í vörslu,
 - ii. metið á áframhaldandi grundvelli hvort, af einhverjum atburðanna sem greindir eru samkvæmt i. lið, stafi veruleg hættu á tapi fjármálagernings í vörslu,
 - iii. upplýst rekstrarfélagið eða fjárfestingarfélagið um verulega áhættu sem greind hefur verið og gripið til viðeigandi aðgerða, ef einhverra, til að koma í veg fyrir eða draga úr tapi fjármálagerninga í vörslu, ef raunverulegir eða mögulegir ytri atburðir hafa verið tilgreindir sem talið er að af stafi veruleg hættu á tapi fjármálagernings í vörslu.
2. Kröfurnar sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. eru taldar uppfylltar við eftirfarandi aðstæður:
- a) náttúruatburðir utan mannlegra yfirráða eða áhrifa,
 - b) samþykkt sérhverra laga, úrskurða, reglugerða, ákvarðana eða fyrirkipana stjórnvalda eða opinberra stofnana, þ.m.t. dómstóla, sem hafa áhrif á fjármálagerningana í vörslu,
 - c) stríð, óeirðir eða annað stórfellt umrót.
3. Kröfurnar sem um getur í a- og b-liðum 1. mgr. skulu ekki taldar uppfylltar í tilvikum þegar um er að ræða reikningshaldslega skekkju, rekstrarbilun, svik, vanrækslu við beitingu aðgreiningarkrafnanna hjá vörsluaðilanum eða hjá þriðja aðila sem vörsluaðgerðir fjármálagerninga í vörslu hafa verið framseldar til í samræmi við a-lið 5. mgr. 22. gr. tilskipunar 2009/65/ESB.

4. KAFLI

ÓHÆÐISKRÖFUR OG LOKAÁKVÆÐI

(25. gr. tilskipunar 2009/65/EB)

20. gr.

Stjórn

Að því er varðar þennan kafla skal „stjórn rekstrarfélagsins“ taka til stjórnar rekstrarfélagsins eða stjórnar fjárfestingarfélagsins.

21. gr.

Almenn stjórnun

Rekstrarfélag eða fjárfestingarfélag og vörsluaðili skulu ætíð fullnægja öllum eftirfarandi kröfum:

- a) enginn einstaklingur má á sama tíma vera bæði aðili í stjórn rekstrarfélagsins og aðili í stjórn vörsluaðilans,
- b) enginn einstaklingur má á sama tíma vera bæði aðili í stjórn rekstrarfélagsins og starfsmaður vörsluaðilans,
- c) enginn einstaklingur má á sama tíma vera bæði aðili í stjórn vörsluaðilans og starfsmaður rekstrarfélagsins eða fjárfestingarfélagsins,
- d) ef stjórn rekstrarfélagsins fer ekki með eftirlitshlutverkin innan félagsins skulu ekki fleiri en einn þriðji aðilanna sem stjórna eftirlitshlutverkunum samanstanda af aðilum sem á sama tíma eru aðilar í stjórninni, stjórninni yfir eftirlitshlutverkunum eða starfsmenn vörsluaðilans,
- e) ef stjórn vörsluaðilans fer ekki með eftirlitshlutverkin innan hans skulu ekki fleiri en einn þriðji aðilanna sem stjórna eftirlitshlutverkunum samanstanda af aðilum sem á sama tíma eru aðilar í stjórn rekstrarfélagsins, eða stjórninni yfir eftirlitshlutverkunum í rekstrarfélaginu eða fjárfestingarfélaginu eða starfsmenn rekstrarfélagsins eða fjárfestingarfélagsins.

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

22. gr.

Tilnefning vörsluaðila og framsal vörslu

1. Í rekstrarfélagi eða fjárfestingarfélagi skal vera til staðar ákvarðanatökufærli til að velja og tilnefna vörsluaðila, sem skal byggja á hlutlægum fyrirframskilgreindum viðmiðunum og vera í einu og öllu í þágu hagsmuna verðbréfasjóðsins og fjárfesta verðbréfasjóðsins.
2. Ef rekstrarfélag eða fjárfestingarfélag tilnefnir vörsluaðila sem það hefur tengsl við eða samstæðutengsl skal það geyma skjalfesta sönnun um eftirfarandi:
 - a) mat þar sem bornir eru saman kostirnir við að tilnefna vörsluaðila með tengsl eða samstæðutengsl og kostirnir við að tilnefna vörsluaðila sem hefur engin tengsl eða samstæðutengsl við rekstrarfélagið eða fjárfestingarfélagið, að teknu tilliti til a.m.k. kostnaðar, sérfræðikunnáttu, fjárhagsstöðu og gæða þjónustunnar sem allir vörsluaðilarnir sem metnir eru veita,
 - b) skýrslu sem byggir á matinu sem um getur í a-lið, þar sem lýst er hvernig tilnefningin uppfyllir hinar hlutlægu, fyrirframskilgreindu viðmiðanir sem um getur í 1. mgr. og er gerð í einu og öllu í þágu hagsmuna verðbréfasjóðsins og fjárfesta verðbréfasjóðsins.
3. Rekstrarfélagið eða fjárfestingarfélagið skal sýna lögbæru yfirvaldi heimaáðildarríkis verðbréfasjóðsins fram á að það sé sátt við tilnefninguna á vörsluaðilanum og að tilnefningin sé í einu og öllu í þágu hagsmuna verðbréfasjóðsins og fjárfesta verðbréfasjóðsins. Rekstrarfélagið eða fjárfestingarfélagið skal láta lögbæra yfirvaldinu í heimaáðildarríki verðbréfasjóðsins í té skjalfestu sönnunina sem um getur í 1. mgr.
4. Rekstrarfélagið eða fjárfestingarfélagið skal rökstyðja fyrir fjárfestum verðbréfasjóðsins, sé þess óskað, valið á vörsluaðilanum.
5. Vörsluaðilinn skal hafa yfir að ráða ákvarðanatökufærli fyrir val á þriðju aðilum, sem hann getur framselt vörsluaðgerðir til í samræmi við 22. gr. a tilskipunar 2009/65/EB, og skal það byggt á hlutlægum fyrirframskilgreindum viðmiðunum og vera í einu og öllu í þágu hagsmuna verðbréfasjóðsins og fjárfesta verðbréfasjóðsins.

23. gr.

Hagsmunaárekstrar

Ef til staðar eru tengsl eða samstæðutengsl milli rekstrarfélags eða fjárfestingarfélags og vörsluaðila skulu þau koma á stefnum og verklagsreglum sem tryggja að þau:

- a) greini alla hagsmunaárekstra sem stafa af þessum tengslum,
- b) geri allar réttmætar ráðstafanir til að forðast þessa hagsmunaárekstra.

Ef ekki er hægt að forða hagsmunaárekstri sem um getur í fyrstu undirgrein skal rekstrarfélag eða fjárfestingarfélag og vörsluaðilinn stýra, vakta og birta upplýsingar um þann hagsmunaárekstur til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á hagsmuni verðbréfasjóðsins og fjárfesta verðbréfasjóðsins.

24. gr.

Sjálfstæði stjórna og eftirlitssviðs

1. Ef til staðar eru samstæðutengsl milli rekstrarfélags eða fjárfestingarfélags og vörsluaðila skulu þau tryggja að:
 - a) þegar stjórn rekstrarfélagsins og stjórn vörsluaðilans fara einnig með eftirlitshlutverkin innan viðkomandi félaga, skal a.m.k. einn þriðji aðilanna í stjórn rekstrarfélagsins og stjórn vörsluaðilans eða tveir einstaklingar, eftir því hvort er lægra, vera óháðir,
 - b) ef stjórn rekstrarfélagsins og stjórn vörsluaðilans fara ekki með eftirlitshlutverkin innan viðkomandi félaga, skal a.m.k. einn þriðji aðilanna eða tveir einstaklingar, eftir því hvort er lægra, í stjórninni yfir eftirlitshlutverkunum innan rekstrarfélagsins og innan

DRÖG AÐ ÞÝÐINGU

vörsluaðilans vera óháðir,

2. Að því er varðar fyrstu málsgrein skulu aðilar í stjórn rekstrarfélagsins, aðilar í stjórn vörsluaðilans eða aðilar í stjórninni yfir eftirlitshlutverkunum í ofangreindum félögum teljast óháðir svo fremi þeir séu hvorki aðilar í stjórninni eða stjórninni yfir eftirlitshlutverkunum né starfsmenn nokkurra annarra félaga þar sem samstæðutengsl eru til staðar og lausir undan öllum viðskiptatengslum, fjölskyldutengslum eða öðrum tengslum við rekstrarfélagið eða fjárfestingarfélagið, vörsluaðilann og sérhvert annað félag innan samstæðunnar, sem hafa í för með sér hagsmunaárekstur sem getur skert dómgreind þeirra.

25. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 13. október 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. desember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
